



Reykjavík 14.03.2018

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 7. mars 2018 varðandi eftirfarandi mál.

### Hlíðarendi

Lögð fram umsókn ASK arkitekta dags. 15. febrúar 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Hlíðarenda. Í breytingunni felst að fallið verður frá bindandi ákvæði í deiliskipulagi um gras á þökum, samkvæmt tillögu Alark arkitekta ehf. dags. 5. mars 2018.

*Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.  
Visað til borgarráðs.*

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Björgvin Rafn Sigurðarson

Fylgiskjal: tillaga Alark arkitekta ehf. dags. 5. mars 2018.

Kópavogi, 5. mars 2018

Tillaga að breytingu á skilmálum skipulags fyrir Hlíðarenda, reiti 1.62, 1.628.8m sem samþykktir voru í Borgarráði 2015 með síðari tíma breytingum. Breytingin felst í breyttu orðalagi og kvöðum er varða grasilögð þök á svæðinu.

Textabreytingar í skilmálum verði eftirfarandi:

Kafli 2.12, bls. 22, síðasta málsgreinin:

„Þök eru almennt grasilögð á öllu skipulagssvæðinu, þó ekki þök fimm hæða stigahúsa á reitum C-F eða íþróttamannvirki“

Breytist og verður:

„Þök á reitum C-F eru grasilögð, þó ekki fimm hæða stigahús. Valkvætt en æskilegt er að þök annarra lóða verði grasilögð, þó ekki íþróttamannvirkja.“

Kafli 2.19, bls. 24, 2. Málsgrein, 1. setning:

„Lögð er áhersla á græn þök á byggingum og verða þök að miklu leyti lögð grasi, þó ekki þök fimm hæða stigahúsa.“

Breytist og verður:

„Þök á reitum C-F eru grasilögð, þó ekki fimm hæða stigahús. Valkvætt en æskilegt er að þök annarralóða verði grasilögð, þó ekki íþróttamannvirkja.“

Kafli 3.4.1 Lóð G. Atvinnuhúsnæði, bls. 44, fyrsta málsgrein, síðasta setning:

„Þök eru grasilögð og flöt, að hámarki 5°“.

Breytist og verður:

„Þök eru flöt, að hámarki 5°“.

Kafli 3.4.2 Lóð H. Atvinnuhúsnæði, bls. 44, fyrsta málsgrein, síðasta setning:

„Þök eru grasilögð og flöt, að hámarki 5°“.

Breytist og verði:

„Þök eru flöt, að hámarki 5°“.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í \_\_\_\_\_ þann \_\_\_\_\_ 20\_\_ og í \_\_\_\_\_ þann \_\_\_\_\_ 20\_\_.

Tillagan var auglýst frá \_\_\_\_\_ 20\_\_ með athugasemdafresti til \_\_\_\_\_ 20\_\_.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_ 20\_\_.

-----